

Tillaga að verklagsreglum við vegagerð á vatnsverndarsvæðum.
VSÓ ráðgjöf - nóvember 2019.

Í verkefninu, sem skýrslan fjallar um, er farið yfir helstu lagalegu kröfur sem lúta að framkvæmdum á vatnsverndarsvæðum, helstu áhættuþætti sem geta komið upp við vegaf framkvæmdir og hvernig eftirliti með framkvæmdum er almennt háttað. Um 1750 km af vegum á vatnsverndarsvæðum hérlendis voru kortlagðir í verkefninu og settar fram yfirlitsmyndir yfir vegi á vatnsverndarsvæðum fyrir hvert og eitt heilbrigðiseftirlitssvæði á landinu.

Í skýrslunni kemur fram að talsverð hættu er á olíu og efnamengun ef óhöpp verða við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum. Vélar og tæki sem eru á ferð um framkvæmdasvæði geta bilað, oltið eða lent í árekstri. Eldsneyti, olíur og önnur hættuleg efni sem notuð eru í vegagerð geta því mengað vatnsból ef varkárni er ekki gætt. Almennt eru gerðar kröfur til verktaka um mengunarvarnir í útboðsgögnum, en þær eru ekki samræmdar og að auki eru þær oft mjög almennt orðaðar. Því eru í skýrslunni settar fram tillögur að verklagsreglum og fylgja sniðmát fyrir áhættumat, viðbragðsáætlanir og eftirlit vegna umhverfismála sem hægt er að styðjast við í undirbúningi framkvæmda. Fram kemur að þetta er talið líklegt til að leiða til minnkunar kostnaðar sem og hættu á að einhverjir verkþættir verð útundan í hættumati.

Í lok skýrslunnar kemur fram að auk mengunarhættu við framkvæmdir og viðhald vega, er einnig hættu af almennri umferð og slysum sem geta orðið. Bent er á að vega megi og meta hvort velja eigi aðrar flutningsleiðir með eldsneyti en þær sem eru á vatnsverndarsvæðum, ef þær eru í boði.